



**Samband íslenskra
kvikmyndaframleiðenda**

Skýrsla stjórnar starfsárið 2015-2016

Stjórnarmenn

*Hilmar Sigurðsson formaður
Guðrún Edda Þórhannesdóttir ritari
Guðný Guðjónsdóttir gjaldkeri
Guðbergur Bergsson meðstjórnandi
Lilja Snorradóttir meðstjórnandi
Júlíus Kemp varamaður
Hlín Jóhannesdóttir varamaður*



Stjórn SÍK 2015-2016 var kjörin á aðalfundi þann 28. maí 2015. Hana skipa Hilmar Sigurðsson – formaður, Guðrún Edda Þórhannesdóttir – ritari, Guðný Guðjónsdóttir – gjaldkeri, Guðbergur Davíðsson og Lilja Ósk Snorradóttir meðstjórnendur. Júlíus Kemp og Hlín Jóhannesdóttir eru varamenn í stjórn. Á hvern stjórnarfund eru boðaðir bæði aðal- og varamenn og telst fundurinn löglegur séu þrír eða fleiri mættir skv. 3. gr. samþykka sambandsins.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 11 stjórnarfundir, auk vinnufundar stjórnar um menntamál. Rétt er að minna aðildarfélögin á að allar fundargerðir stjórnar eru aðgengilegar á vef SÍK – www.producers.is. Þá voru send út tvö fréttabréf á árinu í september 2015 og í byrjun janúar 2016. Á tímabilinu hefur verið unnið að mörgum málum á vegum SÍK. Hér verða þau helstu rakin.

Innan SÍK starfa nú 36 fyrirtæki kvikmyndaframleiðenda. Á starfsárinu hafa þrjú félög hætt, tvö best við og tvö eru í umsóknarferli.

Hagtölur greinarinnar

Veltan í framleiðsluhluta greinarinnar árið 2015 var um 30% minni en metárið 2014, eða tæpir 11 milljarðar króna. Þrátt fyrir það er árið fjórða veltumesta ár frá upphafi í framleiðslu á kvikmynduðu efni. Samanlögð velta árána 2009 til 2015 er yfir 70 milljarðar króna.

Í febrúar sl. var kynnt ný skýrsla Capacent sem var unnin fyrir FRISK – Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði í samvinnu við SÍK. Niðurstöður skýrslunnar eru mjög gott skjáskot af árinu 2014 en þá nam heildarvelta í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðinum tæplega 35 milljörðum króna. Varlega áætlað er gert ráð fyrir að um 1.300 ársverk séu í greininni og hið opinbera hafi um 6 milljarða nettó tekjur eftir að tekið hefur verið tillit til framlaga til RÚV, Kvikmyndasjóðs og vegna endurgreiðslna af kvikmyndagerð. Stærð greinarinnar er á svipuðu róli og kjötiðnaður og mjólkuriðnaður á Íslandi.

Tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar

Á síðasta ári kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um endurgreiðslur þar sem megin niðurstaðan var að endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar skiluðu virðisauka til baka í þjóðarbúið. Í kjölfar skýrslunnar fór endurskoðun laga um tímabundnar endurgreiðslur í fullan gang. SÍK tók þátt í undirbúningi þeirrar vinnu og sendi inn í samvinnu við fleiri aðila greinargerðir um hvað þyrfti að taka tillit til við endurskoðun, auk að sjálfsgöðu að eðlilegt mætti teljast að hækka endurgreiðsluna í ljósi umtalsverðra hækkana í samkeppnislöndum okkar.

Endurnýjun laganna til fimm ára er nú í meðförum Alþingis í góðri sátt allra stjórnsmálaflokka sem þar sitja og fátt virðist koma í veg fyrir að þau verði að lögum fyrir sumarfrí. Þannig verður vonandi búið að tryggja að á Íslandi verði endurgreiddur kostnaður vegna kvikmyndagerðar 25% frá næstu áramótum og til ársloka 2021. SÍK hefur lagt áherslu á að fá inn heimild til að reka framleiðslu í verkefnabókhalldi og þannig verði ekki krafa um stofnun sér félags fyrir hvert verkefni. Það stefnir í að þetta nái í gegn, en ekki er bjartsýni um brautargengi annarrar tillögu SÍK í meðförum á Alþingi, en hún er um að heimilt verði að senda inn milliuppgjör og fá þannig greitt út í tveimur áföngum.

Miðastyrkir

Í nóvember sl. var lagt fram stjórnarfrumvarp um miðastyrki eftir margra ára tafir á að koma miðastyrkjum á, í kjölfar þess að settur var fullur virðisaukaskattur á íslenskar kvikmyndir þann 1. janúar 2013. Þar sem verið er að greiða aftur í tímann, varð þrautarlendingin sú að samþykka þyrfti sérstök lög um þessar útgreiðslur og ná löggin einnig yfir árið 2016. Frumvarpið varð að lögum þann 9. mars sl. Þar kveður á um útgáfu reglugerðar vegna útgreiðslu á styrkjunum og er nú eingöngu beðið undirritunar ráðherra til að hún taki gildi. Í upphaflega frumvarpinu var árið 2012 undanskilið, þótt það væri undir í samkomulagi sem gert var við stjórnvöld í árslok 2011. Í meðförum þingsins var tekið tillit til athugasemda SÍK og kom árið 2012 inn í lokaútgáfu frumvarpsins.

Samtals verður úthlutað 105 milljónum vegna árána 2012-2015 en upphæð hvers árs deilist á áhorfendur á viðkomandi ári. Ekki tókst að sannfæra stjórnvöld um að deila út upphæðinni í einni greiðslu fyrir öll þessi ár og deila niður á fjölda gesta á myndirnar. Á árinu 2016 eru svo 30 m á fjárlögum sem verða til útborgunar eftir mitt næsta ár. Framhald miðastyrkja er ekki tryggt en þeir eru í tillögum Kvikmyndaráðs til ráðherra um nýtt samkomulag við greinina.

Samningar við FÍL

SÍK gerði kjarasamning við FÍL í árslok 2014. Í janúar 2016 fékk SÍK erindi frá FÍL þar sem samningnum var sagt upp. Hinsvegar hefur ekki komið fram nein ósk frá FÍL um að setjast að samningum og þar til annar samningur hefur tekið gildið, gildir eldri samningurinn. Rétt er að minna enn og aftur á að þetta er kjarasamningur og með öllu er óheimilt að semja um verktakagreiðslur eða gefa út verktakagreiðslur í taxa. SÍK hefur gert athugasemdir við skeyti sem FÍL hefur sent sínum aðildarfélögum þar sem þau vísa á samning við RÚV sem eigi að taka mið af. SÍK er ekki aðili að þeim samningi og því höfum við afdráttarlaust hafnað þessari túlkun FÍL.

FK samningar

FK sendi SÍK ósk um að gera samninga um störf félaga í FK fyrir sjálfstæða framleiðendur í nóvember 2014. SÍK svaraði 25. nóvember sama ár þar sem erindinu var vísað til SA sem bíður enn eftir umboði FK og yfirliti yfir fyrir hvaða starfsmenn slíkur samningur yrði. Fundi FK þar sem til stóð að samþykka breytingar í stéttarfélag með aðild að Rafiðnaðarsambandinu var frestað og því er staðan í dag í raun óbreytt. Á meðan er ekkert aðhafst að hálfu SÍK og SA. Sjálfsagt er þó að árétta við framleiðendur að fara að almennum lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og gæta að öryggismálum á tökustöðum og öðrum starfsstöðvum. Ekki er hjá því komist að minnast á framgöngu formanns FK í umsögnum sínum til Atvinnuveganefndar Alþingis þar sem vegið er að félögum í SÍK án allra ástæðu og hent á lofti fullyrðingum sem ekki standast skoðun.

Samkomulag um stefnumörkun - Kvikmyndasjóður

Samkomulag fagfélaga í kvikmyndagerð við ríkið rann út um síðustu áramót. Mennta- og menningar- málaráðherra fól Kvikmyndaráði endurskoðun samkomulagsins, auk þess að fara yfir lög og reglugerðir um málefni greinarinnar. Kvikmyndaráð sendi frá sér tillögur um endurskoðun samkomulagsins en enn er ekki komin niðurstaða í málið. Anna María Karlsdóttir er aðalfulltrúi SÍK í



Kvikmyndaráði. Það er enn von okkar að löngu tímabærar hækkanir á Kvikmyndasjóði og langtíma samkomulag verði niðurstaðan þannig að greinin geti farið að gera áætlanir til lengri tíma og að óöryggi sem einatt virðist ríkja um málefni Kvikmyndasjóðs verði eytt til að minnsta kosti fimm ára.

RÚV

Enn hefur ekki tekist að ljúka vinnu sem unnin var með RÚV um hagsmunamál sjálfstæðra framleiðenda og RÚV. Vegna breytinga á fjárframlögum RÚV og stofnunar á RÚV Myndir um innlenda framleiðslu, hefur málið tafist úr hófi en því verður áfram fylgt eftir.

Menntamál

Stjórn SÍK hittist á stefnumörkunarfundi um menntamál í nóvember sl. þar sem lögð voru drög að menntastefnu SÍK. Fyrir liggur að ný stjórn þarf að taka þessa vinnu upp á næsta stig með samtali og samráði í greininni.

Streymi og tímaflakk

IHM hefur tekið upp á sínum vettvangi greiðslur til höfundarréttarfélaganna vegna tímaflakks og hliðraðs áhorfs. SÍK hefur beðið með frekari aðgerðir á hendur fjarskiptafyrirtækjum á meðan þessi leið er könnuð til hlítar.

SÍK og höfundarréttargreiðslur

SÍK hefur fengið lítilsháttar útgreiðslu frá IHM vegna árána 2014 og 2015. Stjórn SÍK leggur fyrir tillögu á aðalfundinum í dag að safnað verði upp til að spara kostnað vegna útborgana, en töluverður kostnaður leggst á hverja útborgun vegna gagnaöflunar, auglýsingakostnaðar og vinnu við útborgun. Það er ljóst að tekjugrunnur sambandsins vegna IHM er hruninn og ekkert bólar á frumvarpi menningarmálaráðherra um að taka upp greiðslur vegna eintakagerðar til einkanota á ný tæki eins og minnislykla, harðdiska og annað slíkt. Á meðan ekki kemur til innheimtu vegna geymslu með nýrri tækni, þá er ljóst að enn mun fjara undan, því DVD diskar eru þegar í útrýmingarhættu, rétt eins og spólur og önnur slík bönd hurfu.

Ekki hefur tekist að afla heimildar til að taka til ráðstöfunar SÍK hluta tekna vegna kapalgjalda sem IHM innheimtir. Agicoa hefur ekki svarað ítrekuðum fyrirspurnum SÍK vegna þessa. Þessu máli þarf að fylgja eftir fast, því þetta virðist vera eina fyrirsjáanlega tekjuöflunarleið SÍK í náinni framtíð.

Aðild og þátttaka í öðrum félögum

SÍK hefur áfram tekið þátt í **alþjóðlegu samstarfi í gegnum FIAPF** og þaðan fáum við mikilvægar upplýsingar og erum með öflugan málsvara fyrir okkar hagsmunamál, bæði í Evrópu og á heimsvísu. FIAPF vinnur m.a. að höfundarréttarmálum kvikmyndaframleiðenda og með alþjóðlegum stofnunum um höfundarréttarvernd. Auk þess hefur FIAPF verið í forsvari fyrir almenn rétthafamál, leyfissamninga, samninga við leikstjóra og höfunda svo fátt eitt sé nefnt. FIAPF er jafnframt eftirlitsaðili með helstu kvikmyndahátíðum í heiminum. Formaður hefur setið aðalfundi FIAPF í Berlín og í Cannes.



SÍK er einn af þremur aðilum í **Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni sem heldur Edduhátíðina** á hverju ári, auk þess að standa fyrir vali á framlagi Íslands til Óskarsverðlaunanna fyrir bestu erlendu kvikmyndina. Það var með herkjum að tókst að halda Edduna í ár vegna fráhrarfs 365. Fyrir dyrum stendur endurnýjun í stjórn ÍKSA og ljóst að ný stjórn þarf að vinna áfram að því að tryggja samtakamátt greinarinnar svo Eddan geti áfram blómstrað. Hilmar Sigurðsson og Hlín Jóhannesdóttir hafa verið fulltrúar SÍK í stjórn ÍKSA en Hilmar mun láta að störfum í stjórninni, enda setið þar síðan 2010.

SÍK er einn af stofnaðilum **Heimils kvikmyndanna ses. sem rekur Bíó Paradís**. Fulltrúar SÍK í stjórn HK eru Hilmar Sigurðsson og Ingvar Þórisson. Rekstur hússins hangir áfram við núllið enda þess gætt að eyða ekki meiru en aflað er. Á fjárlögum 2016 bæði hjá ríki og borg var skorið niður framlag til hússins eftir að þriggja ára samkomulagi lauk. Framundan er að vinna í frekari fjármögnun á starfseminni. Hinsvegar er kominn tími til að kvikmyndagreinin spyrji sig um framtíð þessa húss. Mikilvægi þess fyrir greinina er mikið, en oft á tíðum virðist fólk í greininni ekki sækja það eða nýta þjónustu þess. Eitt það mikilvægasta sem Bíó Paradís hefur gert er að þar hafa yfir 33.000 grunnskólabörn farið í gegnum kennslu í kvikmyndalæsi. Þetta starf byrjaði húsið og er hluti af samstarfsamningum við ríki og borg í dag. Hinsvegar hefur húsið tekið um 40% af kostnaði við þessar sýningar af öðru starfi hússins. Það er því sérstök ástæða til að hvetja kvikmyndagerðarfólk á Íslandi til að koma af fullum krafti í að tryggja að eina íslenska listræna kvikmyndahúsið verði rekið áfram.

SÍK er einn af sex aðilum sem stóðu að endurreisn Kvikmyndahátíðar í Reykjavík sem fram fór í febrúar undir nafninu **Stockfish – European film festival**. Önnur hátíðin var haldin í febrúar sl. og enn og aftur var úrval mynda á hátíðinni hreint ótrúlegt en svo sannarlega var þátttöku íslensk kvikmyndagerðarfólks verulega ábótavant. Guðrún Edda Þórhannesdóttir er fulltrúi SÍK í stjórn Stockfish.

Það er sérstök ástæða að þakka gott samstarf í stjórn SÍK síðastliðið starfsár þar sem samheldni hefur verið mikil í að vinna að hagsmunum kvikmyndaframleiðenda á Íslandi. Á fundinum í dag verður kosið um 4 af 7 stjórnarmönnum til tveggja ára. Þar af er flytjandi þessarar skýrslu að hætta í stjórn SÍK eftir átta ára setu og þar af síðustu fjögur ár sem formaður. Það verður því kosið um nýjan formann í dag.

Sem fyrri ár, eru krefjandi verkefni framundan og verður unnið að þeim undir hatti Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins, sem hefur reynst vera mjög skynsamleg leið til að efla og færa til nútímans starfsemi atvinnurekenda og framleiðenda í kvikmyndaiðnaðinum sem sannarlega er orðin stóriðja á allan hátt.

Reykjavík, 26. maí 2016

Stjórn SÍK

Hilmar Sigurðsson

Guðrún Edda Þórhannesdóttir

Lilja Snorradóttir

Júlíus Kemp

Guðný Guðjónsdóttir

Guðbergur Bergsson

Hlín Jóhannesdóttir